

hlutafjárloforða þessara aðila enda séu boðnar fram fullnægjandi tryggingar. Lánin skulu vera verðtryggð og bera venjulega vexti.

3. Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 500 milljónum króna er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar. Leitað skal heimildar til lántöku í lánsfjárlögum hverju sinni.

5. gr.

Hlutabréf í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skulu undanþegin stimpilgjöldum.

6. gr.

1. gr. Forsætisráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélagi samkvæmt

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjöldi stofnenda hlutafélagsins og hluthafa í félaginu má vera óháður takmörkunum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Að öðru leyti fer um stofnun og stjórn félagsins samkvæmt hlutafélagalögum.

Gjört í Reykjavík, 1. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um Framkvæmdasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er eign ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs.

2. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs er að annast innan ramma lánsfjárlaga og annarra laga, eftir því sem við á, milligöngu um lántökur fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila sem þess óska. Má sjóðurinn í því sambandi taka erlend lán í eigin nafni og endurlána.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar sjóðnum stjórn þriggja manna til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

4. gr.

Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, svo og skuldbindingum þeirra.

5. gr.

Tekjur Framkvæmdasjóðs eru:

1. Eignir Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, sbr. 4. gr. laga þessara.
2. Tekjur af starfsemi samkvæmt 2. gr. laga þessara.
3. Fjármagnstekjur.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann til að annast daglega stjórn Framkvæmdasjóðs. Forstöðumaður ræður sjóðnum annað starfsfólk.

7. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni að eignin sé veðsett Framkvæmdasjóði og skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega að hann geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

8. gr.

Forsætisráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um starfsemi Framkvæmdasjóðs.

9. gr.

Framkvæmdasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóðs eða annarra stofnana.

10. gr.

Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Framkvæmdasjóðs. Forsætisráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði endurskoðenda. Ársreikninga sjóðsins skal birta í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Nánari ákvæði um skipulag Framkvæmdasjóðs og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1985.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 1. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.